

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með, með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1993.**

## 1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9 500, fyrir árið 1993. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1992.

## 2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar, skal vera kr. 4 000.

## 3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

## 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*

## BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1992:

**ÁRNESSÝSLU:**

*Hagi II*, nýbýli, úr landi Haga, Gnúpverjahreppi.

**SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLU:**

*Hella*, þjónustubýli, úr landi Grímsstaða, Skútustaðahreppi.